

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 29. mars 2016 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-32/2015:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 13. apríl 2015. bað A hdl., f.h. X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hún telur vera á þjónustu, sem var fólgin í geymslu húsbifreiðar, sem hún keypti af Y, hér eftir einnig nefndur seljandi. Álitsbeiðandi telur að bifreið hennar hafi orðið fyrir tjóni og krefst þess að seljandi greiði sér skaðabætur sem nemi tjóninu.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 6. maí sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 7. maí. Með bréfi, dags. 12. maí, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 17. september. Hinn 20. september voru gögn málsins send sérfræðingi í bifreiðamálum og skilaði hann áliti sínu hinn 15. janúar sl. Með bréfi, dags. 18. janúar var aðilum máls gefinn kostur á að gera athugasemdir við álit sérfræðingsins og frestur til þess til 28. janúar. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 18. mars, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni, ritaðri af lögmanni álitsbeiðanda, og gögnum sem henni fylgdu kemur m.a. fram að álitsbeiðandi lét geyma bifreið sína, xx-000, frá 21. september 2013 til 15. maí 2014, í geymsluhúsnæði sem leigt var út í nafni Z og mun vera á vegum nefnds seljanda, og greiddi fyrir það kr. 60.000. Meðan bifreiðin var í geymsluhúsnæðinu stóð hún yfir ræsi, en upp úr ræsinu virðist hafa komið mikill raki. Þetta hafði þær afleiðingar að bifreiðin skemmdist mikið, t.d. vél hennar, innréttingar o.fl. Hinn 4. nóvember 2014 sendi álitsbeiðandi seljanda kröfubréf og krafðist skaðabóta að fjárhæð kr. 4.909.443 vegna tjóns á bifreiðinni. Þeim kröfum var hins vegar hafnað.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er myndir af bifreiðinni, afrit af samskiptum álitsbeiðanda við tryggingafélag vegna tjónsins, þar sem fram kemur að tjónið falli ekki undir tryggingu á bifreiðinni, afrit af samskiptum seljanda og álitsbeiðanda sem og afrit af kostnaðaráætlunum vegna mögulegra viðgerða á bifreið álitsbeiðanda.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum, rituðum af lögmanni seljanda kemur m.a. fram að rétt sé að seljandi hafi leigt álitsbeiðanda geymslupláss undir bifreiða sína veturinn 2013-14 og að bifreiðin sem um ræddi hafi verið ferðabifreið af gerðinni Mercedes Benz, árgerð 1984, með skráningarnúmerið xx-000. Segir seljandi að þegar álitsbeiðandi ætlaði að sækja bifreiðina vorið 2014 hafi hún sagt bifreiðina ónýta og krafist þess að seljandi útvegaði nýja bifreið. Segist seljandi á þeim tímapunkti hafa boðist til þess að láta yfirfara og hreinsa bifreiðina á sinn kostnað, en álitsbeiðandi hafi ekki sinnt slíkum hugmyndum og neitað að taka bifreiðina. Hafi bifreiðin því ekki verið fjarlægð fyrir en eftir skriflega áskorun seljanda og telur seljandi að bifreiðin

hafi mögulega skemmt meira vegna þessa. Telur seljandi að ágreiningurinn í málinu eigi ekki undir kæruneftndina en einnig sé það nánast útilokað fyrir nefndina að veita efnislegt álit í málinu, að auki sé málið óljóst og illa upplýst af hálfu álitsbeiðanda og kröfur hans óskýrar. Telur seljandi að ágreiningurinn eigi aðeins að hluta til undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup, þar eð ágreiningurinn virðist að mestu snúast um skaðabótaábyrgð skv. almennum reglum. Eins sé allt á huldu um raunverulegt tjón álitsbeiðanda þar sem bifreiðin hafi verið gömul og illa farin áður en meint tjón átti sér stað og hafði eflaust staðið marga vetur úti, óhreyfð og óupphituð. Telur seljandi að kæruneftndinni sé ómögulegt að úrskurða um það hve mikil rýrnun varð á verðmæti bifreiðarinnar meðan hún var geymd í húsnæði seljanda. Því beri nefndinni að vísa málinu frá sér.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur m.a. fram að bifreiðin hafi vissulega verið gömul þegar hún hafi verið færð til geymslu hjá seljanda, en í fullkomnu lagi og nýbúið að taka hana í gegn. Húsnæðið sem bifreiðin var geymd í hafi hins vegar ekki reynst í lagi og það sé á ábyrgð seljanda. Þegar átti að sækja bifreiðina eftir veturinn var hún ógangfær, vatnskassi tærður í sundur, startari og rafall einnig tærðir, sem og hosur og gúmmí. Olía á vél og skiptingu var orðin ónýt. Segir álitsbeiðandi að seljandi hafi aldrei verið krafinn um að útvega nýjan bíl heldur hafi honum verið gefinn kostur á því að greiða fyrir bifreiðina, en því hafi hann neitað og sagt að tryggingar sínar ættu að greiða kostnaðinn. Seljandi hafi hins vegar aldrei boðist til að láta lagfæra bifreiðina á sinn kostnað. Segist álitsbeiðandi heldur aldrei hafa neitað að taka bifreiðina úr geymslu, heldur sé hið rétta að bifreiðin var ógangfær og lokuð milli annarra bifreiða. Bifreiðin hafi hins vegar verið sótt 14. maí 2014. Telur álitsbeiðandi að engu hefði skipt hvort bifreiðin stóð nokkrum dögum lengur í geymsluhúsnæðinu, enda hafi hún þegar verið orðin skemmd. Segir álitsbeiðandi að bifreiðin hafi heldur ekki þurft að standa úti síðustu ár, líkt og seljandi haldi fram. Ítrekar álitsbeiðandi að hann krefji seljanda um skaðabætur að fjárhæð kr. 4.909.443 auk málskostnaðar.

Meðfylgjandi athugasemdum álitsbeiðanda er afrit af eldri samningi vegna geymslu á bifreiðinni, afrit af skoðunarvottorði bifreiðarinnar frá 29. apríl 2013, ljósmyndir af bifreiðinni innilokaðri í geymslu seljanda, staðfesting á að bifreiðin hafi verið fjarlægð úr húsnæði seljanda hinn 14. maí 2014, eldri ljósmyndir af bifreiðinni, afrit af reikningum vegna lögmansþjónustu, afrit af reikningi vegna viðgerða á rafkerfi bifreiðarinnar frá 2012 og afrit af skattframtali álitsbeiðanda, þar sem fram kemur að bifreiðin hafi verið keypt á kr. 1.600.000 í júlí 2010.

VI

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kæruneftndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi ákveðna þjónustu af seljanda, en var þjónustan falin í því að hýsa bifreið hennar frá 21. september 2013 til 15. maí 2014 í geymsluhúsnæði á vegum nefnds seljanda í Reykjavík. Greiddi álitsbeiðandi kr. 60.000 fyrir umrædda þjónustu.

Þegar álitsbeiðandi hugðist sækja bifreiðina vorið 2014 kom í ljós að bifreiðin var mikið skemmd vegna raka, sem virðist hafa komið frá niðurfalli sem bifreiðin stóð yfir og er

sú skýring staðfest að nokkru í skriflegri frásögn matsmanns tryggingafélags sem fylgir álitsbeiðni, sem og af myndum af bifreiðinni af dæma.

Geymsla á lausafé fellur undir lög nr. 42/2000 um þjónustu, sbr. 3. tl. 1. mgr. 1. gr. laganna. Í VI. kafla laganna er fjallað um tjón á eignum neytanda skv. lögnum og mögulega ábyrgð seljanda. Í 25. gr., sem á við í máli þessu, segir síðan: „Verði tjón á eignum neytanda þegar verk er unnið eða í tengslum við það eða hlutur sem afhentur hefur verið seljanda þjónustu glatast eða skemmist ber seljanda að bæta það tjón nema hann sanni að hann hafi ekki sýnt af sér vanrækslu.“ Samkvæmt ákvæðinu ber seljandi þjónustu, í þessu tilviki nefndur seljandi, ábyrgð á hlut sem neytandi, í þessu tilviki álitsbeiðandi, hefur afhent honum og þannig því tjóni sem á hlutnum verður, nema að seljandi sanni að hann hafi ekki sýnt af sér vanrækslu.

Svo sem rakið er að framan skoðaði bifvélavirki gögn málsins og veitti álit sitt á þeim gögnum. Í álitni bifvélavirkjans segir m.a. eftirfarandi:

„Samkvæmt gögnum málsins er bifreið álitsbeiðanda lagt yfir vatns niðurfall í gólfi. Í niðurfallinu er vatnslás sem vatn hefur trúlega gufað upp úr og lásinn opnast. Heit vatnsgufan ca. 20-30°C heit frá sírennsli t.d frárennsli ofnakerfis leitað þar upp. Við þessa upphitun á bifreiðinni þéttist rakin inn í henni og það verður allt rakt. Ekki er vitað hvort hún hafi verið lokuð eða einhver loftræsting opin í henni. Trúlega við þessar aðstæður sem þarna mynduðust hefur sjálft húsnæðið verið lítið upphitað. Samkvæmt myndum álitsbeiðanda virðist þarna hafa skapast kjöraðstæður fyrir myglu, sveppamyndun og tæringu í málmum. Ég get ekki metið það hversu mikið það er. Ekki er vitað um nákvæmt ástand húsbílsins nema að hún sé í ágætu ástandi miðað við aldurinn sé 31. árs og hafi verið nothæf sem húsbíll í styttri ferðalög,“

Telur því nefndin ljóst að nefndur seljandi ber ábyrgð á því tjóni sem varð á bifreið álitsbeiðanda á meðan bifreiðin var í geymslu seljanda. Bótakrafa álitsbeiðanda vegna bifreiðarinnar er reist á áætluðum kostnaði við viðgerðir á bifreiðinni í því augnmiði að koma henni aftur í það ástand sem álitsbeiðandi segir hana hafa verið í áður en seljandi tók við henni til geymslu. Munu þær viðgerðir koma til með að kosta um kr. 4.909.443. Á sama tíma liggur fyrir að bifreið álitsbeiðanda sem um ræðir, og er rúmlega 30 ára gömul kostaði um kr. 1.600.000 þegar álitsbeiðandi festi kaup á henni um mitt sumar 2010. Er því fjarri öllum veruleika að tjón álitsbeiðanda geti numið viðgerðarkostnaði við bifreiðina, hvar sá kostnaður fer framúr raunverulegu verðmæti bifreiðarinnar. Að auki liggur ekki skýrlega fyrir hvert ástand bifreiðarinnar var áður en hún var sett í geymslu hjá seljanda haustið 2013, en yfir 30 ára gamlar bifreiðar geta eðlilega verið í ærið misjöfnu ástandi og engar upplýsingar liggja fyrir um raunverulegt ástand bifreiðarinnar áður en farið var með hana í geymslu til seljanda, né liggur fyrir mat á því hvað af ástandi bifreiðarinnar nú verði rakið til þess hvar og hvernig hún var geymd veturinn 2013-4. Telur nefndin því að bótakrafa álitsbeiðanda sé það vanreifufé að nefndinni er ómögulegt annað en að vísa málinu frá sér sbr. 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Er þó rétt að benda álitsbeiðanda á að lagfæri hún bótakröfu sína og grundvöll hennar, getur hún leitað aftur með mál sitt til nefndarinnar.

VII
Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir